

Fundur í neskirkju 3. nóv 2011

Mætt eru: Margrét Ólöf Magnúsdóttir, formaður, Sigurvin Jónsson, gjaldkeri, Bjarni Jóhannesson, meðstjórnandi, Toshiki Toma, Sigríður Rún Tryggvadóttir og Sunna Dóra Möller í gegnum SKYPE

1.Landsmót 2012. Stóri hausverkurinn verður ferðakostnaður. Landsmótsstjóri og framkvæmdastjóri fari fljótlega austur, helst í nóv og athugi aðstæður. Reynum að fá styrki fyrir ferðakostnaði- olúfélög.

Tillaga að Raket Brynjólfssdóttir verði aftur landsmótsstjóri. Samþykkt með 3 atkvæðum, Sigurvin sat hjá, vegna tengsla.

Margrét óskar eftir að halda áfram í kaffihorni leiðtoga, sem allir voru sammála um að hafi heppnist mjög vel á mótinu 2011. Fengum bakkelsi gefins frá bakaríunum

2.Fjármál; Einar – nestismál. Hvað eru margir greiðendur?

3.Fundur með Japanska sendiráðinu. Tillaga kl. 11 fimmtudaginn 10. nóv. Komið í ferli.

4.Hljómsveitin Tilviljun?: Rætt hvernig hægt væri að umbuna þeim fyrir þeirra þáttöku á mótinu. Sigurvin sendir Hildi umboðsmanni þeirra póst og biður um fund með þeim í þarnæstu viku. Miðvikudaginn 16. nóv t.d.

5.Sótt um í ÆSKULÝÐSSJÓÐ fyrir febrúarnámskeiði, unglíngalýðræði.

6.Spurningakeppnin Jesús lifir, 24.-25. mars 2012. Suðurhlíðaskóli fyrir undankeppnina. Vantar stað fyrir úrslitin. Tillaga Magrétar ; Neskirkja. Allir sammála því.

Fyrir unglínga 25.-26. febrúar í Hlíðardalsskóla, stókkseyrabakka. Er grundvöllur fyrir því? Við þurfum að senda á okkar lista, okkar fólk og auglýsa eftir þátttakendum. 3-4 úr hverri kirkju. Stangast ekki á við febrúarmót. Spennó.

7.KUF 2011: Sunna er enn að fá þátttakendur. Tveir hópar eru búin að fá nú þegar fundarefni. Athugasemdir vegna unglíngalýðræðis og val á þátttakendum, unga

fólkið er ekki að móta dagskránnu. En það gengur enn illa að fylla kvótann og það fer mesta vinnan í ná í fulltrúa. Rödd unga fólksins fær að heyrast á stóra kirkjapinginu. Fullorðið fólk hefur líka áhyggjur almennt af lýðræðinu í yfirstjórn kirkjunnar, hvernig ákvarðanir eru teknar. Lýðræðislegt val á fulltrúum, vantar héraðsþing. Komin stutt í mótunarferlinu. héraðsþing í byrjun næsta árs. Hafa þetta jafnvel í tengslum við héraðstfundi. Taka með sér fulltrúa. Vísir að lýðræðislegri vinnubrögðum.